

Alþingi
Allsherjar og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2023

Tillaga til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri. 327 mál.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar, sbr. 327. mál á á 154. löggjafarþingi. Með þingsályktuninni er lagt til að ein af þyrlum Landhelgisgæslunnar hafi starfsstöð á Akureyri allt árið um kring.

Landhelgisgæslan gegnir mikilvægu öryggishlutverki fyrir íslenska sjómenn og er ætlað að sinna mjög víðfeðmu hafsvæði. Í sumum neyðartilvikum er tíminn svo naumur til björgunar að sjómenn geta aðeins treyst á þyrlu Landhelgisgæslunnar. Samtökin taka undir með Landhelgisgæslunni sem segir í umsögn sinni að föst starfsstöð björgunarþyrlu á Akureyri yrði stórt framfaraskref í viðbragðs, öryggis, eftirlits- og björgunarmálum þjóðarinnar. Með því myndi neyðar-, sjúkraflutnings-, og viðbragðsgeta við íbúa Vestfjarða, Norður- og Austurlands og sjómenn stóraukast. Landhelgisgæslan telur einnig að föst viðvera þyrlusveitarinnar á Akureyri yrði bylting í björgunar-, sjúkraflugs og eftirlitsgetu stofnunarinnar. Þannig yrði unnt að ná til allra landshluta með þyrlu á innan við 90 mínútum á hefðbundnum degi auk þess sem björgunarviðbragð á norður-, austurmiðum og hálendinu myndi styrkjast verulega. Samtökin taka jafnframt undir þessi sjónarmið.

Samtökin styðja heilshugar að þyrla verði staðsett á landsbyggðinni ef öryggi sjófaranda verður meira og til þess fallið að bæta þjónustugetu sveitarinnar.

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



Heiðmar Guðmundsson lögf.